


10. Daniel Danielsson, dyravörður í Stjórnar-
ráðinu í Reykjavík.

Dýraverndarinn, XXIV. árg. 1938
2.tbl. bls. 9 - 10



DÝRAVERNDARINN

XXIV. ár.

Reykjavík, marz 1938.

2. tbl.

Félagsprentsmiðjan

FULLKOMNASTA PRENTSMIÐJA LANDSINS

SÍMI 1640

INGÓLFSSTRÆTI

REYKJAVÍK

Leysir fljótt og vel af hendi alla prentun, strikar verzlunarbækur og laus blöð. Býr til gúmmístimpla og sigli. Fyrirliggjandi miklar birgðir af prentpappír, skrifpappír, umslögum og karton. —

Sent um land alt

gegn eftirkröfu.



Benzín, aflmest,

Steinolía, drýgst,


Smurningsolíur, bestar.

HÍÐ ÍSLENZKA STEINOLÍUHLUTAFÉLAG

Símar { 1968
4968

Símnefni: { Steinolía
Petroleum

Gjalddagi „Dýraverndarans“ er 1. júlí.



Daníel á Háfeta.

DANÍEL DANÍELSSON.

Síðan ég kyntist þessum hreinlynda manni og hestavini hinum bezta, eru nú liðin full fimmtíu ár. Það var þá, er hann, rúmlega tvítugur að aldri, var eitt sinn sem oftast á ferð austur á Eyrarbakka með mági sínum Sigfúsi Eymundssyni, til þess „að taka myndir“ af mönnum o. fl. er fyrir augu þeirra bar. Þetta var lítt þekt iðn á þeim árum, en hún vakti þó eftirtekt margra austur þar, og þó eigi síður hitt, hversu þessi ungi og gjörvulegi maður lét sér ant um að ná í sem flesta hesta, skoða þá og segja hvað í þeim byggi. Það held ég, að fæstir aðrir hafi verið að hugsa mikið um í þá daga. Menn stóðu undrandi, er Daníel var að segja þeim, að þessi eða hinn hesturinn væri „efni í gæðing“ o. s. frv. Daníel þurfti ekki að hafa fyrir því að stíga hestinum á bak; hann leit aðeins á hann, skoðaði annan og þuklaði á þeim þriðja; það var alt og sumt, og svo kvað hann upp dóminn: „Hann verður einhvern tíma góður, sá arna,“ eða: „Þennan þarf ég nú ekki að skoða; hann er ágætur áburðarklár“ o. s. frv.; en svo bætti hann þessu ávalt við: „Þið ættuð að muna eftir því, að fara vel með hestana ykkar; þeir eiga það skilið og

því aðeins hafið þið gaman af þeim og gagn að því að eiga þá!“

Við, sem ekki þektum þennan unga mann, brostum að honum og álitum jafnvel, að þetta væri einhver oflátungur úr höfuðstaðnum, sem vildi sýna okkur, að hann væri öðrum fremri í því að þekkja hestana aðeins af útlitinu, en brosið stóð ekki lengi: *Reynslan* sýndi það, að allar spár hans rættust og að hér var enginn flysjungur á ferð, heldur sannur og einlægur dýravínur, sem þorði að segja mönnum til syndanna, ef hann sá, að illa var farið með þau — og einkum hestana — en jafnframt ráðhollur maður, sem gladdist af því að sjá, hvaða hest sem var, vel útlítandi og vel hafðan.

Daníel varð landskunnur maður, viðurkendur dýravínur, sem fjöldi manna leitaði til um góð ráð, er verða mætti dýrunum til góðs, en einkum þó um það, hvernig menn ætti að velja sér góðhesta, ala þá upp og temja svo, að þeirra yrði sem best not. Ráð hans í þeim efnum brugðust engum, sem þeirra leitaði. Hann hafði mörgum öðrum mönnum fremur fróðleik mikinn til brunns að bera, eigi einungis um það, er viðkomandi var hestum og öðrum dýrum, heldur og um margt annað, er að framförum laut, og er mér af eigin raun um það kunnugt, að hann átti frumkvæðið að ýmsum nýtilegum nýjungum, og vakti aðra menn til umhugsunar um þau og framkvæmda. Stöðu sinnar vegna, nú á síðari árum, hafði hann eigi aðstöðu til þessa sjálfur, en sökum þess, hversu vilji hans var einbeittur til þess að láta gott af sér leiða, festu menn orð hans sér í minni sem eins hins víðsýnasta framfaramanns, enda var hann enginn flysjungur, heldur fastur fyrir og ábyggilegur í orðum og gjörðum.

Með einlægri umhyggju sinni fyrir velferð dýranna og hollum ráðum í þeirra garð, sýndi Daníel, að hann hafði góðan mann að geyma. Að eðlisfari var Daníel dulur í skapi og seintekinn; hann var jafnvel „þurr á manninn“ við fyrstu viðkynningu, en því alúðlegri og raumbetri sem kynnin jukust, og þess var eigi langt að bíða, einkum ef talið barst að einhverjum hestinum eða dýrinu; urðu menn þess þá brátt vísari, að það var kærsta umtalsefni hans, sem gjörði jafnvel þann, er hann talaði við, hugfanginn af honum og hollvin dýranna upp frá því.

Dýraverndunarmálið hér á landi hefir mikils mist við fráfali þessa góðvinnar dýranna, og mundu þau nú blessa minningu hans, mætti þau mæla. Þau mundu

því taka undir þessi orð hinna fjölmörgu vina hans, manna og málleysingja, að skilnaði:

Blessuð sé minning Daníels Daníelssonar!

Jón Pálsson.

Í ÁFÖNGUM.

Steindórsprent H/f. Reykjavík, 1937.

Dýraverndaranum hefir nýlega borist bók þessi, sem er endurminningar hins nýlátna dýravinnar, Daníels Daníelssonar. Frásagnarháttur höfundar er eðlilegur og skemtilegur og alstaðar laus við hégómskap og tildur. Kemur það hvarvetna í ljós, að Daníel hefir verið maður athugull og vel greindur. Sem vænta má, verður Daníel all-tíðrætt um hesta í bókinni, og birtir Dýraverndarinn hér „síðasta áfangann“. Síðasti kafli bókarinnar er nefnilega um Háfeta, uppáhaldshestinn hans, sem hann lét skjóta síðastliðið haust. Má ráða af frásögninni, að Daníel hefir grunað, að skammt myndi á milli þeirra verða. — Daníel lést nokkrum dögum síðar en hann lauk endurminningum sínum, sem teljast mega með skemtilegri sjálfsæfisögum Íslendinga. Bókin er hin vandaðasta, bæði frá hendi höfundar og útgefenda, og prýða hana margar ágætarmyndir.

Hér hefst frásögn Daníels:

H Á F E T I.

Hér átti þessum áföngum að vera lokið. En vegna þess, að eg hefi nú í haust orðið að sjá á bak ágætum félagi fyrir aldur fram, þá finst mér sízt úr götu, þó að loka-áfanginn sé honum helgaður. Þó má vera, að slíkt hneyksli einhverja lesendur, er þeir sjá, að hér er eigi um mann að ræða, heldur hest — Háfeta minn, sem nefndur hefir verið hér að framan.

Þennan hest fékk eg fyrir atbeina Einarar vinnar míns Sæmundsens. Hann kom með hann norðan úr landi, haustið 1928; hafði klófest hann í Húsavík við Skjálfanda, beinlínis með það fyrir augum, að eg fengi hann. En eg hafði stundum, eftir að kappreiðar hófust við Elliðaár, kalsað það við Einar, að hann liti eftir snjöllum vekringi eða vekringsefni handa mér, er hann væri í skógarferðum sínum úti um land. Lét Einar svo um mælt, er hann kom með hestinn, að hann væri snjallari og kostameiri en nokkur annar gæðingur, er hann vissi þá deili á. En þeg-